

## **Breyting á skipulagsformi hjúkrunar, 1999**

Rit þetta fjallar um rannsókn á innleiðingu og árangri einstaklingshæfðrar hjúkrunar í hjúkrun lungnasjúklinga á tveimur sjúkradeildum á Vífilsstaðaspítala. Rannsóknin var unnin á árunum 1995 til 1997. Rannsóknarsniðið var þáttökurannsókn þar sem gengið var út frá þátttöku allra hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á sjúkradeildunum í breytingaferlinu og virku samstarfi við rannsakanda sem stýrði vinnunni. Niðurstöður byggja á þemagreiningu á dagbók rannsakanda og viðtölum við 21 hjúkrunarfræðing og 16 sjúkraliða.

Niðurstöður sýna að mikið samræmi var á milli reynslu og afstöðu hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða til einstaklingshæfðrar hjúkrunar og greindu þeir ótvíræða kosti þessa skipulagsforms fram yfir þá blöndu verkæfðrar hjúkrunar og hóphjúkrunar sem ríkt hafði.

Má þar nefna að þeir töldu nánari og betri tengsl við sjúklinga hafa skapast, þeir þekktu sjúklinga sína betur en áður og töldu að sjúklingarnir væru öruggari og ánægðari. Tækifæri til að annast sömu sjúklingana um lengri tíma var mikilvægt atriði, m.a. til þess að ofangreindur ávinningur næðist.